

Páskaspurningakeppni Körfuboltadeildar

Skrifað af Körfuboltadeild

Mánudagur, 01 Apríl 2013 02:21

Körfuboltadeildin stóð fyrir spurningakeppni fyrirtækja yfir páskana. 25 lið kepptu í bar svar keppni (pub quiz) á Kaffi Egilsstöðum og fjögur efstu í nk. Útsvarsúrslitakeppni sem fram fór laugardaginn fyrir páskadag í sal Egilsstaðaskóla. Þau fjögur lið sem kepptu tilúrslita voru lið Landsbankans, Bíamálunar, Launafis og Blakdeildar Hattar. Það voru svo Launafismenn sem stóðu uppi sem sigurvegarar. Spurningaljónið Stefán Bogi Sveinsson sá um framkvæmdina og fórst það að vonum vel úr hendi. Keppninni var vel tekið og vill körfuboltadeildin þakka fyrir góðar undirtektir. Aðrar deildir sýndu félagsandann í verki og mættu með lið til leiks.

